

Reykjavík, í júní 2021

**Til: Menningar- íþróttar- og tómstundaráðs Reykjavíkur / Samstarfsnefndar um skíðasvæði**

**Efni: Staða skíðaskála Ármanns**

Eftir töluverðar umræður um slæmt ástand skíðaskála Ármanns, um nokkurt skeið, er vert að lista upp mikilvæg atriði málinu til stuðning og óska eftir að hættulegt ástand skálans sé sérstaklega tekið fyrir á fundi með íþróttar- og tómstundasviði Reykjavíkurborgar.

Skíðadeild Ármanns er lang stærsta skíðadeildin í Reykjavík og hefur verið það alla tíð. Síðasta veturn voru yfir 130 iðkendur hjá deildinni, sem er meira en allir iðkendur hinna Reykjavíkurfélaganna samanlagt, og á deildin bæði ólimpíufara og Íslandsmeistara, í karla og kvennaflokkum.

Eins og fyrr segir hefur slæm aðstaða deildarinnar verið í umræðunni um árabil en lítið hefur verið gert til að bæta hana. Skáli félagsins hefur legið undir skemmdum um nokkurt skeið með opnum húsgrunni, brotnum rúðum og bráðabirgðaþaki, sem eru hættuleg öllum þeim sem þar fara um.

Neysluvatn er tekið úr áratuga gömlum vatnsdunk sem stendur óvarinn í kjallara hússins þar sem mýs og önnur meindýr eiga greiðan aðgang. Ekkert eftirlit eða mælingar eru á stöðu þess vatns sem þar safnast saman og ekki þarf að spyra að hættunni sem af því stafar ef eitthvað skildi leka ofan í þennan vatnsdunk. Sama staðan er á frárennsli frá skálanum, klósett endurtekið að stíflast, og fyrir nokkrum árum var staðan sú að yfirflæddi og öll jarðhæð skálans fylltist af skólpi.

Þrátt fyrir þetta slæma ástand þá hefur skálinn verið í stöðugri notkun og gestafjöldi eykst bara með árunum. Skíðadeild Ármanns hefur frá upphafi fengið sama rekstrarstyrk og aðrir skálar félaga á svæðinu þrátt fyrir að þeir skálar séu í mun minni eða engri notkun. Sem dæmi má nefna skála Fram, sem er ekki starfhæfur þar sem engar lyftur eru í grennd við hann og því engir gestir sem sækja hann heim, nema einkaaðilar sem nýta hann fyrir ákveðin tilefni. Í annan stað má nefna að síðasta veturn þegar skíðadeildir fengu að stunda æfingar þá lokuðu aðrar deildir á svæðinu sínum skálum fyrir öðrum gestum en iðkendum. Þegar Skíðadeild Ármanns óskaði eftir að gera slíkt hið sama var ekki hægt að verða við því og vísað í að svæðið gæti ekki verið opið án þess að skáli félagsins væri opin gestum og gangandi, sem var mjög þungt í miðju COVID m.t.t. allra þeirra takmarkanna sem þurfti að fylgja með tilheyrandi kostnaði – hér er því nokkuð ljóst að aðilar sitja ekki við sama borðið!

Skv. uppfærðri uppbyggingaráætlun skíðasvæðanna frá 8. desember s.l. þá hefur áætlaðri tímasetningu á framkvæmdum við nýja stólalyftu „Gosinn“ á suðursvæði Bláfjalla, sem Skíðaskáli Ármanns stendur við, verið ýtt fram og er nú fyrirhuguð á árunum 2021-2022. Þeirri lyftu er áætlað að stórauka afkastagetu á svæðinu og þrátt fyrir að nú sé ljóst að nýtt klósetthús eigi að risa á bílaplaninu við lyftuna þá er þar mörgum spurningum ósvarað m.a. um aðgengismál, þjónustu ofl.

Að þessu sögðu þá óskum við, forsvarsmenn Skíðadeilda Ármanns, eftir fundi með íþróttar- og tómstundasviði Reykjavíkurborgar þar sem farið er yfir ástand skálans og aðstöðu deildarinnar. Að rekstrarstyrkur við skálann verði endurskoðaður, neysluvatn og frárennsli tekið til sérstakrar skoðunnar og opnum húsgrunni vegna viðbyggingar lokað fyrir veturinn.

Sandra Sif Morthens

Formaður Skíðadeilda Ármanns

# Bláfjöll

Reykjavík

**KOSTNAÐARÁÆTLUN**

23.06.2021

**VIÐBÓTARÁÆTLUN við snyrtิงar á suðursvæði: Nýr vatnsgeymir**
**Höf.: JTE/FB/þAG**

Kostnaðaráætlun þessi nær til framkvæmda sem snúa að því að koma fyrir nýjum vatnsgeymi uppi við Ull og Gosa (lyftu) sem og tengingu fyrirhugaðra salernishúsa við Gosa og önnur kerfi (neysluvatns- og frárennsliskerfi) á svæðinu. Fyrirhugað er að koma nýjum geymi fyrir, tengja áætluð salernishús og afleggja vatnsgeymi við skála Ármanns. Áætlað er að nýr vatnsgeymir verði þannig staðsettur að neysluvatn verði sjálfrennandi að salernishúsum við Gosa og að skála Ármanns. Kostnaðaráætlun þessi er viðbót við kostnaðaráætlun Ferils vegna nýrra snyrtингa á suðursvæði (við Gosa), dags. 16. mars 2021. Ýmsir nauðsynlegir þættir er varða verk þetta hafa því þegar verið áætlaðir í þeirri áætlun og eru þeir auðkenndir sem slíkir (innif. áður).

Nr.	Verkpáttur	Ein.	Magn	Ein.verð	Upphæð kr.	Samtals kr.
<b>1 Aðstaða og jarðvinna</b>						<b>1.800.000</b>
Aðstaða og varnir verktaka	heild	1		<i>Innif. áður</i>	<i>Innif. áður</i>	
Jarðvinna vegna niðurgrafins vatnsgeymis	heild	1		<u>1.000.000</u>	<u>1.000.000</u>	
Neysluvatnsskurður frá geymi að Gosa	m	130		<u>5.000</u>	<u>650.000</u>	
Neyslu- og frárennslisskurður frá Gosa að Árm.	m	200		<i>Innif. áður</i>	<i>Innif. áður</i>	
Frágangur á neysluvatnsgeymi við Ármannsskála	heild	1		<u>150.000</u>	<u>150.000</u>	
Jarðvinna vegna nýrrar rotþróar	heild	1		<i>Innif. áður</i>	<i>Innif. áður</i>	
<b>2 Lagnir</b>						<b>4.060.000</b>
Lagnaefni neysluvatns (efni og vinna)	m	330		<u>5.000</u>	<u>1.650.000</u>	
Lagnaefni frárennslis (efni og vinna)	m	200		<i>Innif. áður</i>	<i>Innif. áður</i>	
Lagnaefni affalls	m	330		<u>2.000</u>	<u>660.000</u>	
Tenging neysluvatns við Ármannsskála	heild	1		<i>Innif. áður</i>	<i>Innif. áður</i>	
Tenging neysluvatns við Gosa	heild	1		<i>Innif. áður</i>	<i>Innif. áður</i>	
Innkaup á neysluvatnsgeymi (10.000 lítrar)	heild	1		<u>650.000</u>	<u>650.000</u>	
Rotþró, 5.500 lítra, brunnur	heild	1		<i>Innif. áður</i>	<i>Innif. áður</i>	
Vinna við neysluvatnsgeymi (flutningur, festing o.fl.)	heild	1		<u>500.000</u>	<u>500.000</u>	
Aðgengi að neysluvatnsgeymi og stýringar	heild	1		<u>600.000</u>	<u>600.000</u>	
Innkaup á nýrri neysluvatnsdælu	heild	1		<i>Eldri notuð</i>	<i>Eldri notuð</i>	
<b>3 Annað og ófyrirséð</b>						<b>1.889.850</b>
Ófyrirséð	%	15		<u>5.860.000</u>	<u>879.000</u>	
Hönnun og umsjón	%	15		<u>6.739.000</u>	<u>1.010.850</u>	
<b>Samtals án VSK [kr.]:</b>						<b>7.749.850</b>

# Skíðaskáli Ármanns Sólskinsbrekku

## Kostnaðaráætlun

07.06.2021 / JTE

Staðan á kostnaði m.v. áætlun skipt eftir áföngum.

Öll verð eru með vsk

<i>Verkliðir</i>	<i>Áætlað</i>	<i>Lokið</i>
<b>1. áfangi - viðhaldsverkefni utanhúss</b>	<b>2,400,000</b>	
- Endurnýja ónýtt gler	200,000	
- Hlerar fyrir glugga	400,000	
- Enurnýja hurð á suðurhlið	300,000	
- Mála þak og þakkanta	500,000	
- Varmadæla, vantar hlíf	150,000	
- Setja hitaþráð í skotrennu á nýbygg. og í þakrennur	200,000	
- Útilýsing	150,000	
- Fánastangir, 4 stk - ath efni þurfa að vera sterkar	500,000	
<b>2. áfangi - viðhaldsverkefni innanhúss</b>	<b>7,650,000</b>	
- Endurnýjun á innréttingu í eldhúsi ásamt nýjum tækjum	5,000,000	
- Setja upp stálskápa fyrir hleðslurafhlöður + tenglar	300,000	
- Ganga frá sér neysluv. lögn fyrir skálann (afleggja vatnstank)	1,000,000	
- Ný inntaksgrind fyrir neysluvatn	500,000	
- Ný hitatúpa	500,000	
- Niðurfall í gólf við inngangshurð	200,000	
- Endurnýja innbrotakerfi	150,000	
<b>3. áfangi (viðbygging á vesturhlið)</b>	<b>50,000,000</b>	
- Sjá áætlun		
<b>Samtals kostnaður með vsk.</b>	<b>60,050,000</b>	<b>0</b>